

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 133/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2002 frá 12. júlí 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB frá 26. mars 2002 um að koma á reglum og málsmeðferð að því er varðar takmarkanir á starfsemi vegna hávaða á flugvöllum bandalagsins <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 925/1999 falli brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 66f (reglugerð ráðsins (EB) nr. 925/1999) í XIII. viðauka við samninginn:

„ **32002 L 0030**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB frá 26. mars 2002 um að koma á reglum og málsmeðferð að því er varðar takmarkanir á starfsemi vegna hávaða á flugvöllum bandalagsins (Stjtið. EB L 85, 28.3.2002, bls. 40).“

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2002/30/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 85, 28.3.2002, bls. 40.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.